

Trúnaðarmál



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – september 2017

Lagt fram í borgarráði
30. nóvember 2017

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar – september 2017 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf og Jörundi ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 20.646 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 12.673 mkr sem var 7.974 mkr eða 63% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 3.097 mkr betri í ár heldur en hún var á sama tíma árið 2016.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 1.407 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 2.253 mkr. Niðurstaðan var því 846 mkr verri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 2.175 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 2.674 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 500 mkr eða 19% verri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 4.531 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.795 mkr og var niðurstaðan því um 736 mkr verri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 5.537 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 5.644 mkr og niðurstaðan því 107 mkr lakari en áætlað var.

Helstu breytingar sem orðið hafa hjá samstæðunni á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 eru að rekstur Bílastæðasjóðs rann inn í Aðalsjóð þann 1. janúar sl. og fasteignir hans voru fluttar í Eignasjóð. Þá seldi Eignasjóður Félagsbústöðum hf. fasteignir að fjárhæð 1.703 mkr.


Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir janúar - september 2017 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum en áhersla er aukin á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki sem unnar eru af hlutaðeigandi fjármálastjórum.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

2 Samstæða (Samantekinn reikningur)	5
2.1 Rekstur samstæðu	5
2.2 Efnahagur samstæðu	7
2.3 Sjóðstreymi samstæðu	8
3. A-hluti	12
3.1 Rekstur A-hluta	12
3.2 Efnahagur A-hluta	14
3.3 Sjóðstreymi A-hluta	16
3.1 Fjármagnsliður A-hluta	21
4.1.1 Skulda- og áhættustýring	22
Viðauki 1: Kennitölur	23
Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu	26
Viðauki 3: Sundurliðun tekna A-hluta	27
Viðauki 4: Fjármálastjórn 2017	28


2 Samstæða (Samantekinn reikningur)

2.1 Rekstur samstæðu



Rekstrarniðurstaða samstæðu var 20,6 mkr sem var 8 mkr betri en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án lífeyrisskuldbindinga nam 29,8 mkr en gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð og LsRb var aukin um 4,7 mkr yfir áætlun sem rekja má til áætlaðrar gjaldfærslu vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á lögum um LSR¹


Grunnrekstur samstæðunnar, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 18 mkr í afgang sem var um 2,3 mkr umfram áætlun. Þessar niðurstöður eru mun betri en í níu mánaða uppgjörum árin 2014 og 2015.



Rekstrartekjur námu 125,6 mkr og hafa aukist um 32% m.v. sama tímabil 2013. Til samanburðar námu rekstrarútgjöld 107,6 mkr og hafa aukist um 35% m.v. sama tímabil 2013.


¹ Sjá nánari umfjöllun í greinargerð fagsviða með árshlutauppgjöri bls. 20

Rekstrarniðurstaða samstæðu janúar-september 2017 og frávik frá áætlun með viðaukum (mkr)





Þeir þættir sem einkum skýra frávik frá áætlun eru: fjármagnsliður var 5,1 mkr undir áætlun, hækkun lífeyrisskuldbindinga var 4,7 mkr yfir áætlun og matsbreytingar fjárfestinga eigna sem var 4,3 mkr yfir áætlun. Tekjur samstæðunnar voru einnig yfir áætlun aðallega staðgreiðsla útsvars sem var 1,8 mkr yfir áætlun og aðrar tekjur A-hluta sem voru 1,7 mkr yfir áætlun.


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samstæðu á tímabilinu janúar-september 2017 (í mkr)




Fjármagnsliðurinn lætur ekki mikið yfir sér í þessu uppgjöri en töluverðar sveiflur áttu sér stað innan hans. Álverð styrktist um 25,4% á tímabilinu sem leiddi til 8,8 mkr hækkunar á innbyggri álafleiðu í raforkusölusamningum. Krónan veiktist hins vegar um 1,6% á tímabilinu og gengistap vegna hennar nam 2,8 mkr. Tap af áhættuvarnarsamningum nam 2,2 mkr og vaxtagjöld og verðbætur námu 6,3 mkr. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 5,6 mkr en voru neikvæðir um 0,6 mkr.

2.2 Efnahagur samstæðu






2.3 Sjóðstreymi samstæðu




Handbært fé í ársbyrjun nam 26,6 makr. Veltufé frá rekstri nam á tímabilinu um 30,5 makr, fjárfestingar að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 16 makr. Þessar hreyfingar skýra að mestu um 14,1 makr hækkun handbærs fjár á tímabilinu. Handbært fé var aukið sérstaklega með tæplega 5 makr lántöku A-hluta til að tryggja fjármögnun á uppgjöri á 14-15 makr lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð sem kemur til framkvæmda fyrir árslok.

Veltufé frá rekstri og brúttó fjárfestingar samstæðu janúar-september, % af tekjum



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf samstæðunnar kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum. Þróun þessa hlutfalls er sterk og í samræmi við þarfir samstæðunnar.

Greiðslugeta samstæðu í lok 3ja ársfjórðungs



Greiðslugeta samstæðunnar til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri. Myndin sýnir að samstæðan hefur á þessu ári aukið fjárhagslegan styrk sinn til að standa undir þessum skuldbindingum.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað við tímabilið janúar-september síðastliðin 5 ár².

Samstæða	2013_09	2014_09	2015_09	2016_09	2017_09
Eiginfjárhlutfall	36,2%	41,8%	42,0%	44,7%	46,3%
Arðsemi eigin fjár	6,5%	7,7%	-1,5%	10,4%	11,2%
Veltufjárhlutfall	1,05	1,14	0,96	1,13	1,15
Langtímaskuldir/eigið fé	143,5%	111,8%	104,7%	87,6%	76,5%
Uppgreiðslutími	9	10	8	7	5
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	23,6%	20,0%	21,2%	22,2%	24,3%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	26,9%	24,1%	16,4%	23,6%	23,6%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:








- Spenna í hagkerfinu og óvenju hagstæðar ytri aðstæður hafa aukið verulega hagsveiflutengdar tekjur (s.s. útsvar og fasteignagjöld) og dregið úr ákveðnum útgjöldum (s.s. fjárhagsaðstoð og verðlagsáhrif annarra útgjalda), dregið enn frekar úr atvinnuleysi, hækkað fasteignaverð sem leitt hefur til umtalsverðra matsbreytinga fjárfestingaeigna Félagsbústaða. Hluti af þessu efnahagsástandi er sterkt gengi íslensku krónunnar, lág verðbólga og vaxandi kaupmáttur. Einnig hefur álverð verið hækkandi á tímabilinu sem hefur talsverð áhrif á uppgjör Orkuveitunnar.
- Nettó gjöld vegna fjármagnsliðar voru 554 mkr eða um 5,1 mkr undir áætlun sem einkum mátti rekja til hagstæðra markaðsaðstæðna og álafleiða.
- Áætlaðar fjárhæðir vegna áfallinna og framtíðarskuldbindinga við A-deild Brúar lífeyrissjóðs pr. 31.05.2017 hafa mikil áhrif á rekstur, efnahag og sjóðstreymi.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 24,3%. Mikilvægt er að veltufé frá rekstri verði áfram sterkt við ríkjandi efnahagsaðstæður og að það styrkist enn frekar ef spennan í hagkerfinu heldur áfram að aukast til að stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar yfir hagsveifluna og skapa svigrúm til að mæta áhrifum niðursveiflu síðar meir.
- Hafa ber í huga að margar hagstærðir voru óvenju hagstæðar á síðasta ári og það sem af er þessu ári en ýmis merki eru um að breytingar geti verið framundan.

² Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.


Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu



3. A-hluti

3.1 Rekstur A-hluta



Rekstrarniðurstaða A-hluta janúar-september(mkr)



Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 1,4 mkr sem var 846 mkr verri niðurstaða en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án lífeyrisskuldbindingar nam 10,5 mkr en gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð og LsRb var aukin um 4,7 mkr yfir áætlun sem rekja má til áætlaðrar gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á lögum um LSR³

Grunnreksturinn, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 5,7 mkr í afgang sem var um 0,5 mkr undir áætlun.


Tekjur: Skatttekjur voru 63,9 mkr eða 2,1 mkr yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 1,8 mkr yfir áætlun. Tekjur frá Jöfnunarsjóði námu 5,3 mkr og voru 350 mkr yfir áætlun sem einkum má rekja til hlutdeildar í **bankaskatti** að fjárhæð 208 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Af öðrum tekjum vegur þýngst hagnaður af **sölu fasteigna og byggingarréttar** sem var 485 mkr yfir áætlun.



Gjöld: Laun námu 41,6 mkr og um 709 mkr undir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður nam 27 mkr og var um 661 mkr yfir fjárheimildum. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 9,1 mkr og var 4,7 mkr yfir áætlun.


³ Sjá nánari umfjöllun í greinargerð fagsviða með árshlutauppgjöri bls. 20

Rekstrarniðurstaða A-hluta janúar-september 2017 og frávik frá áætlun með viðaukum (mkr)



Niðurstaða A-hluta um 0,8 mkr verri en áætlað var í endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Þar vegur þyngs gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar sem nam 9,1 mkr og var 4,7 mkr yfir áætlun. Staðgreiðsla útsvars sem var 1,8 mkr hærri áætlun gerði ráð fyrir. Framlög frá Jöfnunarsjóði voru 350 mkr yfir áætlun, þar af 208 mkr vegna uppgjors á bankaskatti. Sala fastafjármuna og sala byggingaréttar var 485 mkr yfir áætlun.

Þróun tekna og gjalda á föstu verðlagi janúar-september, %




Árin 2014 jukust gjöld á föstu verðlagi talsvert umfram tekjur á föstu verðlagi og langtíma íbúapróun. Tekjur á föstu verðlagi jukust umfram gjöld á föstu verðlagi 2016 og það sem af er 2017.



Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka (í mkr)	Niðurstaða jan-sept 2017	Áætlun jan-sept 2017	Frávik	%
Framlög til B-hluta	2.131	2.118	-13	0,6%
ÍTR	5.580	5.635	54	-1,0%
MOF	3.348	3.439	91	-2,6%
RHS	2.194	2.356	162	-6,9%
SFS	33.487	34.060	572	-1,7%
USK	4.303	4.911	608	-12,4%
VEL án bundinna liða	14.160	13.663	-497	3,6%
ÖNN án lífeyrisskuldb.	1.173	1.566	393	-25,1%
Bundnir liðir	2.185	2.696	512	-19,0%


Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 1.882 mkr innan fjárheimilda á fyrstu níu mánuði ársins en Velferðarsvið er yfir fjárheimildum án bundinna liða.

3.2 Efnahagur A-hluta








3.3 Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé í ársbyrjun nam um 8,6 mkr. Aukningu handbærs fjár á árinu má að mestu skýra með 12 mkr aukningu veltufjár frá rekstri. Fjárfestingum er mætt með lántöku ásamt gátnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar.



Við milliuppgjör árána 2013-2015 var ljóst að veltufé frá rekstri var komið að hættumörkum og mikilvægt að koma því sem fyrst nálægt 9% hlutfalli af tekjum sem ætla má að sé nauðsynlegt í ljósi greiðsluskuldbindinga og fjárfestingaþarfar við venjulegar efnahagsaðstæður. Vegna vaxandi spennu var markið sett á 10,2% hlutfall á árinu 2018. Nú í lok september 2017 er hlutfallið komið í 14,4% en spenna í hagkerfinu er enn mikil og mikilvægt að halda þessu hlutfalli háu. Athygli er vakin á útkomuspá ársins 2017 sem fylgir frumvarpi að fjárhagsáætlun en er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum nemi 10,8% í árslok ef áhrif uppgjörnsins við Brú lífeyrissjóð eru frátalin.



Fjármögnun A-hluta og greiðslugetu gagnvart fjárfestingum og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Árin 2013-2015 reyndist nauðsynlegt að brúa fjármögnunina með fjárfestingatekjum en þegar á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 stóð veltufé frá rekstri undir þeim. Myndin sýnir að A-hlutinn hefur á þessu ári aukið fjárhagslegan styrk sinn verulega til að standa undir þessum skuldbindingum og afborgunum lána.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta miðað við tímabilið janúar-september sl. 4 ár:⁴

A-hluti	2014_09	2015_09	2016_09	2017_09
Eiginfjárhlutfall	57,7%	50,3%	46,6%	41,0%
Arðsemi eigin fjár	-0,6%	-12,9%	1,9%	2,5%
Veltufjárhlutfall	1,40	1,34	1,50	1,16
Langtímaskuldir/eigið fé	42,1%	50,1%	54,9%	59,0%
Uppgreiðslutími	6	6	4	3
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	7,4%	7,4%	10,6%	14,4%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	4,2%	-6,9%	6,8%	6,8%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Góður árangur náðist í rekstri sviðanna á tímabilinu. Öll sviðin voru innan fjárheimilda ef frá er talið Velferðarsvið án bundinna liða og framlög til Strætó.
- Spenna jókst á vinnumarkaði á tímabilinu sem skapaði hagstæðar aðstæður þegar horft er til hagsveiflutengdra tekna og útgjalda. Nettó útsvarstekjur voru 2.010 mkr umfram áætlun, framlög frá Jöfnunarsjóði vegna hlutdeildar í bankaskatti voru 208 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun og framlög Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks voru 210 mkr yfir áætlun sem einkum má rekja til hærri útsvarstekna sveitarfélaga. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 324 mkr undir áætlun og sérstakur húsnæðisstuðningur var 187 mkr lægri en áætlað var.
- Tekjur af sölu fasteigna og byggingaréttar var 485 mkr yfir áætlun.
- Nettó gjöld vegna fjármagnsliðar voru 241 mkr undir áætlun sem einkum mátti rekja til hagstæðra markaðsaðstæðna, aukinna tekna af arði og hærri stöðu handbærs fjár á tímabilinu.









Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 14,4%. Mikilvægt er að veltufé frá rekstri verði áfram sterkt við ríkjandi efnahagsaðstæður og að það styrkist enn frekar ef spennan á vinnu- og fasteignamarkaði heldur áfram að aukast til að stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar yfir hagsveifluna og skapa svigrúm til að mæta áhrifum niðursveiflu síðar meir. Eins er mikilvægt að ríflegur afgangur verði af rekstri A-hluta.
- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 1.650 mkr eða 32% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tómstundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins.
- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 497 mkr yfir fjárheimildum eða 3,6%. Frávik í rekstri Velferðarsviðs sem að mestu má rekja til vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 237 mkr yfir fjárheimildum, vistgreiðslur Barnaverndar sem var 122 mkr yfir fjárheimildum og til ferðaþjónustu fatlaðra sem var 78 mkr yfir fjárheimildum. Samkvæmt niðurstöðu endurskoðunar á málaflokk fatlaðarða áttu að fara fram samningaviðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun á þessu lið. Velferðarsvið telur að þessi þjónustua sem er á ábyrgð ríkisins kosti 530 mkr árið 2017. Gera verður kröfu um að Velferðarráðuneytið greiði Reykjavíkurborg mismuninn á 530 mkr og þess framlags sem Jöfnunarsjóður veitti vegna þessara úrræða en fjárhæðir liggja ekki fyrir frá Jöfnunarsjóði um það.
- Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengjast málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
- Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem var 237 mkr yfir fjárheimildum. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur frá ríki vegna þjónustu við börn með þroska- og geðraskanir nemi alls 180 mkr á tímabilinu.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 201 mkr á tímabilinu janúar- september 2017. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miðað við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugastaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum.
- Í janúar 2017 var greidd eingreiðsla vegna kjarasamninga við grunnskólakennara sem tilheyrði árinu 2016 og miðaðist við starfshlutfall og starfstíma í desember 2016. Kostnaður vegna þessa 306 mkr var gjaldfærður í janúar 2017 en áætlað hafði verið fyrir greiðslunum á árinu 2016.

⁴ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

- Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og tekur þessi lagabreyting einnig til Brúar lífeyrissjóðs. Breyttar samþykktir Brúar fela það í sér að frá og með 1. júní 2017 er m.a. réttindaávinnslu A-deildar Brúar breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu, almennur lífeyristökualdur hækkaður úr 65 ára í 67 ára og mótframlag launagreiðenda lækkaður úr 12% í 11,5%. Réttindi þeirra sem byrjaðir eru á lífeyri þann 1. júní 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Áhrif þessara breytingar eru m.a. að borgarsjóður þarf að greiða til Brúar lífeyrissjóðs allar áfallnar lífeyrisskuldbindingar í A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga m.v. 31. maí 2017 og áætluð framlög í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð vegna sömu sjóðfélaga, vegna áætlaðs mismunar á réttindaávinnslu og iðgjaldagreiðslna til framtíðar. Áætlað er að uppgjör lífeyrissjóðsins pr. 31.5.2017 liggi fyrir fyrir árslok 2017, þá fyrst liggur fyrir hvaða fjárhæð Reykjavíkurborg mun þurfa að greiða lífeyrissjóðnum vegna þessara breytinga. Á árinu 2017 hefur borgin verið að auka handbært fé til að geta staðið við væntanlegar greiðslur vegna þessa.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



3.1 Fjármagnsliður A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2017 (í mkr)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	526	239	286
Vaxtatekjur af skatttekjum	67	38	29
Aðrar vaxtatekjur	99	72	27
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	502	573	-71
Dráttarvaxtatekjur	70	90	-20
Tekjur af ábyrgðargjaldi	538	629	-90
Arður	376	284	92
Fjármunatekjur samtals	2.178	1.926	252
Vaxta og verðbóttagjöld	-2.093	-2.129	35
Áætluð áfallin vxtgj. v. uppgj. við Brú Ísj.	-587	0	-587
Dráttarvaxtagjöld	-2	0	-2
Fjármagnstekjuskattur	-226	-179	-46
Lántökukostnaður	-38	-39	1
Fjármagnsgjöld samtals	-2.946	-2.347	-599
Samtals	-768	-421	-346

Handbært fé A-hluta í lok september var 24.871 mkr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 14.866 mkr í lok september en frávikin skýrast einna helst af stóru skuldabréfaútboði sem Reykjavíkurborg fór í vegna fyrirhugaðs uppgjors á lífeyrisskuldbindingu við lífeyrissjóðinn BRÚ. Einnig hefur handbært fé frá rekstri verið sterkara en gert var ráð fyrir.

Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsýslun Íslenskra verðbréfa hf.

Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í lok september námu 5.860 mkr og nam ávöxtun frá áramótum 187 mkr eða 7,10% á ársgrundvelli.

Við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 var sett fram markmið um að ávöxtun á handbæru fé skyldi vera 322 mkr á árinu 2017. Myndin hér til hliðar sýnir ávöxtun á handbæru fé, að frádregnum kostnaði í samanburði við markmið ársins. Markmiði um ávöxtun er skipt jafnt niður á hvern mánuð ársins. Ávöxtun handbærs fjár á tímabilinu var rúmum 252 mkr yfir markmiði ársins sem skýrist af betri ávöxtun skuldabréfasafns en gert var ráð fyrir auk þess sem meðalstaða annars handbærs fjár var hærri á tímabilinu en gert var ráð fyrir og þar af leiðandi ávöxtun þess því hærri í krónutölu.

Handbært fé A-hluta utan skuldabréfasafn er ávaxtað á innlánsreikningum, PM innlánum og í lausafjárjóðum. Á meðfylgjandi töflu má sjá samanburðar við stýrivexti Seðlabanka Íslands.



Lán til B-hluta fyrirtækja eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnsliði Aðalsjóðs og Eignasjóðs

Fjármagnsliður A-hluta var á tímabilinu neikvæður um 768 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 421 mkr. Niðurstaða fjármagnsliðar A-hluta var því 346 mkr verri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Markaðsaðstæður voru hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir bæði vegna lægri verðbólgu og betri ávöxtunar á skuldabréfamarkaði. Staða á handbæru fé hefur einnig verið hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Gjaldfærsla vegna áætlaðra áfallinna vaxta vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 587 mkr. Önnur helstu frávik eru að arðgreiðslur voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna hærri arðgreiðslu frá Faxaflóahöfnum.

Lausafjárstaða (mkr)	30.9.2017	Meðaláv. á ársgrv.
Innlán í bönkum	19.008	3,95%-4,6%
Skuldabréfasafn	5.860	7,10%
Samtals	24.868	



yfirlit yfir þá ávöxtun sem mismunandi ávöxtunarleiðir eru að gefa til

Staða á kröfum gagnvart B-hluta (mkr)	30.9.2017	Vextir	Lokagjaldlagi
Eigendalán til OR 2011	7.805	4,25%	2026
Eigendalán til OR 2013	4.119	3,05%	2028
Samtals	11.924		

Staða innlendra lána (mkr)	Nafnvextir	Virkir vextir	30.9.2017	31.12.2016	Lokagjalddagi	Ný lán **	Áætlun
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	5%	5%	1.031	1.275	2021		
Skuldabréf útgefin 2009 - RVK 53 1	4,40%	3,92%	24.414	24.262	2053		
Skuldabréf útgefin 2012 - RVK 19 1	1,95%	2,12%	943	1.158	2019		
Skuldabréf útgefin 2015 - RVKN 35 1	6,72%*	6,31%	4.207	2.923	2035	1.787	
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	3,30%	3,30%	265	393	2019		
Annað			378	447		28	
Samtals			31.237	30.458		1.815	3.012
RVK 53 1 í Aðalsjóði	4,40%	2,74%	4.098	0	2053	4.106	
RVKN 35 1 í Aðalsjóði	6,72%*	5,20%	774	0	2035	797	
Samtals			4.873	0		4.903	5.000
Samtals Aðalsjóður og Eignasjóður			36.110	30.458		6.718	8.012

*óverðtryggðir vextir **Söluverð

Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar er í verðtryggðum skuldabréfaflokki RVK 53 1 og í óverðtryggðum skuldabréfaflokki RVKN 35 1 sem eru báðir skráðir í kauphöll. Viðskiptavakt á eftirmarkaði er á RVK 53 1 og RVKN 35 1 auk skuldabréfaflokksins RVK 19 1 (sem er lokaður flokkur) og annast fjórar fjármálastofnanir þá vakt. Meðalvextir verðtryggðrar skuldar Eignasjóðs voru 3,84% á tímabilinu og meðalvextir óverðtryggðrar skuldar Eignasjóðs voru 6,14%. Haldin hafa verið 4 útboð til að fjármagna framkvæmdir og í öllum tilfellum hefur óverðtryggði flokkurinn RVKN 35 1 verið stækkaður.

Borgarstjórn samþykkti, 6. júní 2017 hækkan á lánsfjáráætlun ársins 2017 um 5.000 mkr. vegna fyrirhugaðs uppgjors á lífeyrisskuldbindingum borgarinnar við Brú lífeyrissjóð í tengslum við breytingar á samþykktum sjóðsins.

Í júní 2017 var haldið sérstakt útboð vegna fyrirhugaðs uppgjors á lífeyrisskuldbindingunum. Í útboðinu voru skuldabréfaflokkarnir RVK 53 1 og RVKN 35 stækkaðir samtals um 4.903 mkr. Þar sem verið var að fjármagna lífeyrisskuldbindingar eru þessar skuldir færðar í Aðalsjóð.

4.1.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn hefur verið metinn á um 384 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjáráhætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er ekki með neinar virkar lánalínur en hefur aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 3 milljarðar, sem hefur ekkert verið nýtt á tímabilinu.

Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samþjöppaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lándrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall samstæðunnar.

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. Sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Veltufjárlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga (nr. 502/2012)

Skuldaviðmið er mælt sem hlutfall heildarskulda og skuldbindinga af reglulegum tekjum að teknu tilliti til ákveðinna frádráttarliða sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 502/2012. Í tilviki Reykjavíkurborgar er dregið frá núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar (sbr. skýringu 44 í ársreikningi) og einnig er hreint veltufé dregið frá ef það er jákvætt (veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum).

Með ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum almennt skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B-hluta við 150% af reglulegum tekjum skv. nánari skilgreiningu í reglugerð (nr. 502/2012). Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögnum getur sveitarstjórn ákveðið hvort hún nýtir sér heimild að undanskilja veitu- og orkufyrirtæki þegar kemur til mats á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins skv. 64. gr. á aðlögunartíma sem er 10 ár frá gildistöku laganna.

Borgarráð hefur samþykkt að nýta sér þessa heimild. Við útreikning á skuldaviðmiði í greinargerðinni er því ekki gert ráð fyrir tekjum, skuldum eða skuldbindingum vegna Orkuveitu Reykjavíkur.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Vaxtaþekja (Interest expense coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádrögnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

	A-hluti	Afvaki	Faxafloahafnir	Félagsbústaðir	Malbikunar- stöðin Híðíð	Íþróta- og sýringahúðlin	Jöundur eHf	Ókuveita Reykjavíkur	Stökkvilið höfuðsv.	Sorpa	Strætó	Samstaða A- og B- hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>		95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	100%	93,53%	60,82%	66,70%	60,30%	-
Rekstrartekjur	83.333	0	2.872	2.704			48	31.310	2.080	2.794	5.714	125.602
Rekstrargjöld	81.158	0	2.097	1.447			0	18.795	1.780	2.416	5.484	107.581
Afskriftir	3.476	0	623	4			0	7.051	61	120	145	11.614
Fjármagnslóðir	-768	0	-8	-1.245			0	1.588	232	-7	18	-554
EBIT	2.175	0	775	1.257			48	12.515	300	378	230	18.021
EBITDA	5.650	0	1.398	1.261			48	19.566	361	498	375	29.635
Hagnaður (- tap)	1.407	0	768	8.190	238	-29	48	10.512	532	371	248	20.646
Fastafjármunir	150.686	2	12.751	76.987	674	2.447	0	266.237	1.933	1.816	1.442	497.965
Veltufjármunir	39.122	9	2.159	254	959	341	0	28.961	913	1.826	1.450	72.272
Heildareignir	189.808	11	14.910	77.241	1.633	2.789	0	295.198	2.846	3.643	2.893	570.237
Skammtímaskuldur	33.649	0	683	2.279	279	73	0	28.164	403	558	759	63.045
Langtímaskuldur	45.880	0	802	34.060	0	2.024	0	129.662	220	215	0	201.889
Skuldbindingar	32.458	0	0	0	60	121	0	8.486	0	305	0	41.429
Heildarskuldur	111.987	0	1.486	36.339	338	2.217	0	166.312	622	1.078	759	306.363
Eigið fé 01.01.2017	76.415	11	13.028	32.712	1.066	601	-48	121.476	1.692	2.193	1.886	245.013
Eigið fé 30.09.2017	77.821	11	13.424	40.902	1.295	572	0	128.886	2.224	2.565	2.134	263.874
Skuldir og eigið fé	189.808	11	14.910	77.241	1.633	2.789	0	295.198	2.846	3.643	2.893	570.237
Handbært fé frá rekstri	14.565	0	1.406	444	217	52	48	18.625	405	239	190	34.984
Fjárfestingahreyfingar	-3.168	0	-1.003	-2.857	-96	-15	0	-12.240	-26	-252	-67	-18.799
Ný langtímalán	6.425	0	0	208	0	0	0	6.452	0	6	0	12.359
Greiddar afborganir	-1.675	0	-7	-440	0	-26	0	-10.975	-10	-57	-91	-12.560
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-371	0	-10	0	0	0	0	0	0	-91
Staða á handbæru fé 30.09.2017	24.871	0	1.454	16	155	311	0	11.341	734	890	939	40.710
Veltufé frá rekstri	11.961	0	1.387	451	316	67	48	15.080	596	491	393	30.499

Eignifjárhlutfall	41,0%	90,0%	53,0%	79,3%	20,5%	43,7%	78,1%	70,4%	73,8%	46,3%
Arðsemi eigin fjár	2,5%	7,9%	33,4%	29,8%	-6,4%	5,8%	41,9%	22,6%	17,5%	11,2%
Veltufjárhlutfall	1,16	3,16	0,11	3,44	4,71	1,03	2,27	3,27	1,91	1,15
Skuldsætingarhlutfall	59,0%	6,0%	83,3%	0,0%	353,8%	107,2%	9,9%	8,4%	0,0%	76,5%
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir			1,55			3,82				
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir			1,01			0,88				
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)						1,37				
Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.-netto vextir)										
Uppgreiðslutími	3,02	0,48	57,67	0,00	23,12	8,30	0,29	0,44	0,07	5,37
Framlegð/rekstrartekjur	14,4%	48,3%	16,7%			48,2%	28,6%	17,6%	6,9%	24,3%
Framlegð/rekstrartekjur	0,07									0,24

Skýringar
Eignifjárhlutfall
Arðsemi eigin fjár
Veltufjárhlutfall
Skuldsætingarhlutfall
Vaxtaþekja, EBIT/netto fjárm.
Vaxtaþekja, EBITDA/netto fjárm.
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.)
Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.-netto fjárm.)
Uppgreiðslutími

Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapból).
Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki
Veltufjárhlutfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsætingu fyrirtækis.
Skuldsætingarhlutfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsætingu fyrirtækis.
Vaxtaþekja, EBIT/netto fjárm. Rekstrarmíðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti vaxtagreiðslum
Vaxtaþekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarmíðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstrarmíðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og vaxtagreiðslum
Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstrarmíðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og vaxtagreiðslum
Uppgreiðslutími skulda (ár) Langtímaskuldur á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu

Lánveitendur	(í mkr)	A-hluti	Samstæðan
ABSEK			2.215
Akranesbær - víkjandi lán			705
Arion banki			11
Borgarbyggð - víkjandi lán			119
CEB			14.487
Depfa ACS Bank			13.818
Dexia			11.261
EIB			29.404
EURO HYPO			3.487
Faxaflóahafnir	206		0
Fjárfestasjóðurinn ÍSH			2.059
Hafnarfjarðarbær			1.488
Handhafabréf STY			24
HR 99 (skuldabréfa útgáfa OR)			112
HRV 03 01 (skuldabréfaútgáfa OR)			338
Íbúðalánasjóður			27.479
Íslandsbanki			5.520
Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga	161		1.010
Landsbankinn			8.660
Lánasjóður sveitafélaga	265		1.576
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			9.195
Lykill kaupleigusamningur			81
NIB			9.918
OR 05 1 (skuldabréfaútgáfa OR)			1.482
OR 09 2 (skuldabréfaútgáfa OR)			10.192
OR090524 (skuldabréfaútgáfa OR)			1.839
OR090546 (skuldabréfaútgáfa OR)			9.807
OR011222 (skuldabréfaútgáfa OR)			506
Skuldabréfaútgáfa OR			350
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			514
Skuldabréfaútgáfa RVK 19 1	943		943
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01	28.513		28.513
Skuldabréfaútgáfa RVK 96 1	1.031		1.031
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1	4.981		4.981
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	11		11
VR lífeyriskuld			890
Lántaka samstæðu:	36.110		204.023
Leiguskuldir	12.092		12.092
Lántaka og leiguskuldir samstæðu	48.202		216.115

Viðauki 3: Sundurliðun tekna A-hluta

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A-hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Útsvar, brúttó	56.284	54.514	1.770	3,2%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-7.141	-6.608	-534	8,1%
Skattbr. niðurfærslur og eftirá álagt útsvar	2.208	1.435	773	53,9%
Útsvar, nettó	51.352	49.342	2.010	4,1%
Fasteignaskattur	11.562	11.453	109	0,9%
Lóðaleiga	1.021	1.015	7	0,6%
Afskrifaðir fasteignaskattar	-3	0	-3	
Fasteignaskattur, nettó	12.580	12.468	112	0,9%
Samtals skatttekjur	63.932	61.809	2.123	3,4%
Framlag v. þjónustu við fatlað fólk	3.929	3.719	210	5,6%
Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	1.353	1.213	140	11,5%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	5.282	4.932	350	7,1%
Þjónustutekjur	7.171	6.963	207	3,0%
Eignatekjur	13.878	14.102	-224	-1,6%
Endurgreiðslur annarra	2.454	2.143	312	14,5%
Aðrar tekjur	4.838	4.392	446	10,2%
Söluhagnaður (tap) eigna	3.108	2.623	485	18,5%
Milliviðskipti tekin út	-17.330	-17.819	489	-2,7%
Samtals aðrar tekjur	14.119	12.403	1.716	13,8%
Tekjur alls	83.333	79.145	4.188	5,3%

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 350 mkr meira en áætlað var og greiðir 534 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	3.124	2.891	233	8,1%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	4.017	3.717	300	8,1%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	7.141	6.608	534	8,1%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	3.929	3.719	210	5,6%
Framlag vegna sérskóla	924	939	-16	-1,7%
Framlag vegna tónlistarskóla	211	206	5	2,2%
Framlag v. bankaskatts	208	0	208	n/a
Annað	10	67	-57	-84,5%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	5.282	4.932	350	7,1%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-1.859	-1.676	-184	11,0%

Viðauki 4: Fjármálastjórn 2017

Hér að neðan er listi í tímaröð yfir mikilvægar fjárhagsákvæðanir borgarráðs og borgarstjórnar á tímabilinu janúar-september 2017

1. Lagt fram mánaðarlegt rekstraruppgjör A-hluta jan-nóv 2016 í borgarráði 9.2.2017
2. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútboði vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 9.2.2017
3. Tillaga að flutningi á halla og afgangi hjá skóla- og frístundasviði vegna ársins 2015. R16040105. Samþykkt í borgarráði 7.3.2017
4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga samþykkt í borgarstjórn 7.3.2017
5. Tillaga að breytingu á viðauka 1 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 23.2.2017
6. Tillaga að tímaáætlun vegna afgreiðslu ársreiknings 2016 samþykkt í borgarráði 23.2.2017
7. Tillaga að tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2018- 2022 samþykkt í borgarráði 23.2.2017
8. Tillaga að úthlutun stofnframlaga 2017 samþykkt í borgarráði 9.3.2017
9. Tillaga að viðauka vegna innleiðingar mannauðs- og launakerfis SAP samþykktur í borgarstjórn 21.3.2017
10. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga samþykkt í borgarstjórn 21.3.2017
11. Tillaga að ábyrgðargjaldi OR árið 2017 samþykkt í borgarráði 23.3.2017
12. Tillaga að endurgreiðsluhlutfalli launagreiðenda á greiddum lífeyri hjá LsRb samþykkt í borgarráði 23.3.2017
13. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga, tónlistarskóla og stoðþjónustu við fatlaða samþykkt í borgarstjórn 4.4.2017
14. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútboði vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 7.4.2017
15. Ársreikningur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 samþykktur í borgarstjórn 9.5.2017
16. Þingsályktunartillaga að fjármálaáætlun 2018-2022 (mál nr 402). Umsögn FMS samþykkt í borgarráði 27.4.2017
17. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna hverfakosninga, Sinfóníuhljómsveitar samþykkt í borgarstjórn 16.5.2017
18. Tillaga um samþykkt á tilboðum í skuldabréfaútboði vegna framkvæmda á árinu 2017 samþykkt í borgarráði 11.5.2017
19. Tillaga um endurskoðun á tíma- og verkáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2018-2022 samþykkt í borgarráði 18.5.2017
20. Tillaga um breytingar á styrkjareglum og styrkjahandbók samþykkt í borgarráði 18.5.2017
21. Tillaga um framlengingu og endurskoðun aðalmiðlarasamninga í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar samþykkt í borgarráði 18.5.2017
22. Tillaga um viðauka vegna endurskoðunar á lánsfjáráætlun vegna uppgjors á skuldbindingum hjá Brú lífeyrissjóði samþykkt í borgarstjórn 6.6.2017
23. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna Hörpu samþykkt í borgarstjórn 6.6.2017
24. Tillaga um skuldabréfaútboð vegna fjármögnunar á lífeyrisskuldbindingum samþykkt í borgarráði 1.6.2017
25. Tillaga um hækkun leiguverðs Félagsbústaða um 5% frá 1. júlí 2017 samþykkt í borgarráði 8.6.2017
26. Tillögur og greinargerð fyrir velferðarráð um sérstakan húsnæðisstuðning samþykktar í borgarráði 8.6.2017
27. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan-mars 2017 í borgarráð 15.6.2017
28. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna grunn- og leikskóla og vegna styrks til Knattspyrnufélagsins Víkings samþykkt í borgarstjórn 20.6.2017
29. Tillaga að samþykkt tilboða í skuldabréfaútboði vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð samþykkt í borgarráði 15.6.2017
30. Tillaga að rammaúthlutun vegna fjárhagsáætlunar 2018 samþykkt í borgarráði 29.6.2017
31. Lagðar fram forsendur fjárhagsáætlunar 2018 og fimm ára áætlunar 2018-2022 í borgarráði 29.6.2017
32. Tillaga um veitingu stofnframlaga vegna uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík (fyrrí úthlutun 2017) samþykkt í borgarráð 29.6.2017
33. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna Bílastæðasjóðs samþykkt endanlega í borgarráði 6.7.2017
34. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 samþykkt í borgarráði 20.7.2017
35. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan -maí 2017 í borgarráði 20.7.2017
36. Tillaga að endurskoðun á viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 20.7.2017
37. Tillaga um að veita OR ábyrgð vegna móttöku 700.000 evru styrks frá ESB CarbFix2 verkefnis samþykkt í borgarráði 20.7.2017

38. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kjarasamninga samþykkt í borgarráði 10.8.2017
39. Tillögur um áfangaskipta uppbyggingaráætlun í sérstökum húsnæðisúrræðum 2018-2030 samþykktar í borgarráði 24.8.2017
40. Árshlutauppgjör samstæðu og A-hluta janúar – júní 2017 staðfest í borgarráði 31.8.2017
41. Tillaga um fjölgun félagslegra íbúða samþykkt í borgarráði 31.8.2017
42. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna tilfærslna samþykkt í borgarstjórn 19.9.2017
43. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna endurskoðunar á fjárfestingaráætlun samþykkt í borgarstjórn 19.9.2017
44. Tillaga að tímaáætlun vegna skuldabréfaútboða haust 2017 samþykkt í borgarráði 14.9.2017
45. Tillaga um heimild til útboðs á milliinnheimtu og löginnheimtu samþykkt í borgarráði 21.9.2017
46. Tillaga að Endurskoðun á innheimtureglum Reykjavíkurborgar ásamt verklagsreglum samþykkt í borgarráði 21.9.2017
47. Tillaga um heimild til skammtímafjármögnunar samþykkt í borgarráði 28.9.2017
48. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan-júlí 2017 í borgarráði 28.9.2017
49. Samkomulag við ASÍ vegna lífeyrismála samþykkt í borgarráði 28.9.2017